

4. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2018-2022 vegna Flúðaskóla haldinn fimmtudaginn 31. janúar 2019 kl. 13.30.

Mætt: Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Unnsteinn Eggertsson (H), sem ritaði fundargerð og Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir). Einnig sátu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir, skólastjóri, Steinunn Margrét Larsen, aðstoðarskólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi starfsfólks og Kolbrún Haraldsdóttir, sérkennslustjóri. Freyja Þorkelsdóttir, fulltrúi foreldraráðs og Einar Bjarnason, fulltrúi Skeiða- og Gnúpverjahrepps boðuðu forföll. Ásmundur Lárusson, mætti í stað Einars Bjarnasonar. Sigurður Unnar Sigurðsson mætti ekki til fundarins.

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI, FUNDARHERBERGI 2. HÆÐ

DAGSKRÁ:

- 1. Umræða um Skóla- og velferðarþjónustuna**
- 2. Gátlisti, 18. töluliður sem fjallar um:**
 - a. Sérfræðiþjónustu, grein 40 í lögum 91/2008
 - b. Notkun skimana og athugana til að tryggja námsaðstoð við hæfi, grein 40 í lögum 91/2008
 - c. Greining ef grunur er um sálræna og félagslega erfiðleika, grein 40 í lögum 91/2008
 - d. Nemendaverndarráð, grein 40 í lögum 91/2008
- 3. Til upplýsinga/kynningar**
 - a. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 10. janúar sl. varðandi Íslandsmót verk- og iðngreina og framhaldsskólkynningu – Mín framtíð 2019
 - b. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 25. jan um opnum umsókna í endurmenntunarsjóð grunnskóla 2019
 - c. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 25. jan um lagabreytingar um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda
- 4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi**

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemduum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir gerðar. Gengið var til dagskrá.

1. Umræða um Skóla- og velferðarþjónustuna

Skólastjórnendur fóru yfir þá þjónustu sem Skóla- og velferðarþjónustan býður upp á. Almenn ánægja er með þjónustuna, en þó er biðtíminn eftir viðtali skólasálfræðings of langur, allt að 24 mánuðum samkvæmt upplýsingum frá Skóla- og velferðarþjónustunni. Ástæðan er mikill fjöldi tilvísana og biðtíminn því langur, nema um sé að ræða bráðatilvik.

Skólanefnd lýsir yfir áhyggjum af stöðu mála, einkum varðandi þjónustu skólasálfræðings þar sem bið eftir greiningu/viðtali er orðinn afar löng. Nefndin telur nauðsynlegt að málið verði rætt á samráðssviði viðkomandi sveitarfélaga. Mjög aðkallandi er að ráðinn verði sálfræðingur, tímabundið, til að vinna á biðlistum og/eða leita annarra leiða til að leysa úr vandanum. Jafnframt tekur skólanefnd undir áhyggjur skólastjórnenda varðandi samstarf og samvinnu er varðar velferðarmál barna á starfssvæðinu, enda velferð þeirra eitt mikilvægasta viðfangsefni sveitarfélagana.

2. Gátlisti, 18. töluliður sem fjallar um:

- a. Sérfræðiþjónustu, grein 40 í lögum 91/2008

Spurt er um: Er sérfræðiþjónusta veitt í skólanum?

JLA

SMK

FS

KH HBGT JMS
Jóhannes Ólafsson

Skólastjórnendur upplýstu að þjónusta talmeinafræðings, námsráðgjafa, kennsluráðgjafa, skólasálfræðings er í boði í gegnum samstarfsverkefni sveitarfélaga á svæðinu, að Árborg undanskilinni. Þó er aðgengið misjafnt að þjónstunni, sbr. fundarlið nr. 1.

Sérkennsla er í boði í Flúðaskóla og hefur verið um áraraðir. Þjónustan hefur gengið vel og gagnast nemendum einkar vel.

b. Notkun skimanra og athugana til að tryggja námsaðstoð við hæfi, grein 40 í lögum 91/2008

Spurt er um: Eru skimanir og athuganir notaðar markvisst til að tryggja kennslu og námsaðstoð við hæfi nemenda?

Skólastjórnendur upplýstu að skimanir eru reglulega framkvæmdar til að mæla t.d. lestrarhraða og lesskilning. Sérkennslustjóri lagði fram lista yfir þær skimanir sem framkvæmdar eru í hverjum árgangi fyrir sig. Listinn er aðgengilegur á heimasiðu skólans undir liðnum "Áætlanir".

c. Greining ef grunur er um sálræna og félagslega erfiðleika, grein 40 í lögum 91/2008

Spurt er: Fer fram greining á nemendum ef grunur er um sálræna og félagslega erfiðleika sem gætu haft áhrif á nám þeirra?

Farið er fram á slíka greiningu, sé þess þörf, en þó með þeim afgreiðsluhraða sem tilgreindur er í fundarlið nr. 1.

d. Nemendaverndaráð, grein 40 í lögum 91/2008

Spurt er: Er starfandi nemendaverndaráð við skólann?

Já, nemendaverndaráð er starfandi við skólann.

3. Til upplýsinga/kynningar

a. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 10. janúar sl. varðandi Íslandsmót verk- og iðngreina og framhaldsskólkynningu – Mín framtíð 2019

Lagt fram til kynningar.

b. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 25. jan um opnun umsókna í endurmenntunarsjóð grunnskóla 2019

Lagt fram til kynningar.


c. Tölvupóstur frá Sambandi sveitarfélaga dags. 25. jan um lagabreytingar um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda


Lagt fram til kynningar.

4. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.


a) Gátlistinn. Teknir verða fyrir liði nr. 11, 12 og 13 á næsta fundi.

Næsti fundur verði haldinn fimmtudaginn 14. mars kl. 13.30.
Engin önnur mál tekin fyrir. Fundi slitið kl. 14.55.

Hanna Þórk Grétarsdóttir


Margrét Ólafsdóttir


Konráður Harðsóttir

Johanna Þóra Árnadóttir

Friður Sæmundsdóttir
